

13.11.2014

Ágæti viðtakandi,

hér fyrir neðan er umsögn Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði, um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbandalaginu, sbr. skeyti frá nefndasviði Alþingis dags. 24. október 2014.

F.h. Öldu,

Björn Þorsteinsson
stjórnarmaður í Öldu

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði fagnar tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þjóðaratkvæðagreiðslur eiga að vera sjálfsagður og eðlilegur hlutur í lýðræðislegu samfélagi. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er mál þar sem þjóðaratkvæðagreiðslu-leiðin á einkar vel við. Alda vill sérstaklega benda á eftirfarandi atriði:

- Það er mikilvægt að þjóðaratkvæðagreiðslan sé bindandi en ekki ráðgefandi. Þjóðin er æðsti valdhafi landsins og fer ekki með ráðgefandi vald gagnvart kjörnum fulltrúum sínum.
- Einnig er mikilvægt að vel sé staðið að kynningu á efninu og að upplýst umræða fari fram áður en gengið er til kjörborðs. Óháðir aðilar ættu að standa að kynningu svona mála og vill Alda sérstaklega benda á slembival sem aðferð til að velja fulltrúa í óháðar nefndir.



Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbanda-laginu.

20.mál, þingsályktunartillaga. 1. Flutningsmaður Ögmundur Jónasson.
144. löggjafarþing 2014—2015.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK lýsa yfir eindregnum stuðningi við þingsályktunartillögu varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Aðild Íslands að NATO var aldrei borin undir þjóðina og ákvörðun sú að ganga í bandalagið hefur ávallt verið feikilega umdeild hérlendis. Í ljósi breyttra tíma er sjálfgefið að Íslendingar fái sjálfir að taka ákvörðun um það hvort þeir kjósi að vera áfram hluti af öflugasta herveldi allra tíma sem ollið hefur ómældum þjáningum hundruða þúsunda ef ekki milljóna íbúa jarðar eða velji frekar að taka sér stöðu meðal hlutlausra friðelskandi þjóða.

Þjóðaratkvæðagreiðsla er sérstaklega mikilvæg í ljósi aukinna umsvifa og gjörbreytts hlutverks NATO frá lokum kalda stríðsins. Í hálfá öld frá stofnun NATO var megintilgangur bandalagsins “að halda Bandaríkjamönnum inni, Rússunum úti og Þjóðverjunum niðri“ eins og hershöfðinginn og lávarðurinn Hastings Ismay fyrsti aðalritari Atlantshafsbandalagsins komst svo eftirminnilega að orði.^[1] Í ljósi breyttra aðstæðna í byrjun níunda áratugsins umbreyttist NATO úr varnarbandalagi hvers stærsta hlutverk var samtrygging meðlimaþjóða gegn ógn kommúnismans yfir í „hernaðarlega og vísindalega samvinnu“ bandalagsþjóða á heimsvísu. NATO lítur nú með öðrum orðum á sig sem hervæddan boðbera friðar og lýðræðis og telur að hlutverk sitt feli í sér friðargæslu og öryggisvörslu í þágu heimsfriðar. MFÍK telur þær staðhæfingar fjarri raunveruleikanum.

Hernaðaríhlutun bandalagsins víðsvegar um heiminn hefur sýnt svo ekki verður um villst að NATO virðir hvorki þjóðarétt né ákvæði eigin stofnsáttmála, þá sérstaklega umboð þess til valdbeitingar sem einskorðast við sjálfsvörn. Allt frá stofnun NATO hefur bandalagið aðeins einu sinni borið fyrir sig ákvæði fimmtu greinar stofnsáttmálans, eina ákvæði sáttmálans sem heimilar valdbeitingu og það var á

veikum ef ekki hreinlega ólöglegum forsendum sjálfsvagnar Bandaríkjanna gegn einu fátækasta ríki heims: Afganistan. Öll hernaðaríhlutun sambandsins fram að því hafði ekkert með fimmtu grein stofnsáttmálans að gera enda réðst NATO með sprengjuregri á þjóðir sem engum meðlimum bandalagsins stóð ógn af.

Atlandshafsbandalagið hefur ítrekað gerst sekt um stríðsglæpi og brot á alþjóðalögum frá lokum kalda stríðsins. Bandalagið hefur sérstaklega brotið á Stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem leggur blátt bann við árásarstríðum og heimilar einungis valdbeitingu þjóða í sjálfsvörn gegn árasum annarra ríkja eða samkvæmt ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þess efnis. Þrátt fyrir hátíðlega yfirlýsingu Washingtonsáttmálans um æðsta vald öryggisráðsins yfir vörslu friðar hafa flestar sprengju- og hernaðarárásir NATO átt sér stað að Öryggisráðinu forspurðu - líkt og árásir þess á fyrrum Júgóslavíu og Afganistan - eða farið langt fram úr umboði ályktanna ráðsins - eins og loftárásir á Líbíu eru nýlegt dæmi um.

Öfugt við yfirlýsingar Atlandshafsbandalagsins um frábæran árangur í friðargæslu og öryggisvörslu hafa aðgerðir þess oftast haft þveröfugar afleiðingar og leitt til frekari þjáninga og ofbeldis á þeim svæðum sem NATO tekur að sér að bjarga. Tvö öflug dæmi því til stuðnings eru fyrrnefndar árásir NATO á Afganistan og fyrrum Júgóslavíu (lesist Serbía) sem enn í dag þurfa að líða hörmulegar afleiðingar afskipta bandalagsins.

Árásir NATO á fyrrum Júgóslavíu mörkuðu fyrstu hernaðaraðgerðir Atlandshafsbandalagsins frá stofnun þess. Þrátt fyrir að sambandsríkjum bandalagsins stæði nákvæmlega engin ógn af átökunum voru árásirnar réttlættar með þeim hætti að stöðva þyrfti þjóðernishreinsanir og aðra stríðsglæpi Serba fyrst í Bosníu í umboði Sameinuðu þjóðanna og síðar í Kósóvó án samþykkis Öryggisráðsins.

Sprengjuárásir NATO og viðvarandi herseta dugðu þó ekki til að stöðva átökin í Bosníu. Mögulega er það þess vegna sem NATO lét sig ekki varða massívar þjóðernishreinsanir og aðra stríðsglæpi Króata – betur þekkt sem *Operation Storm* – er hröktu 250 þúsund Serba frá heimalandi sínu algjörlega óáreittir árið 1995. Aðrar heimildir benda þó til þess að Króatar hafi verið látnir afskiptalausir við stríðsglæpinu vegna þess að þeir voru fljótir að gerast bandamenn vesturveldanna (sérstaklega Þýskalands og Bandaríkjanna) um leið og átökin hófust.

Árið 1999 réðust bandamenn svo í 78 daga sprengjuherferð gegn Serbíu til þess að tortíma hernaðarlega yfirburðum þeirra í átökum sínum við eitt tveggja fylkja sem eftir stóðu af fyrrum Júgóslavíu. Þvert á alþjóðalög ráðfærði NATO sig ekki við Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og bar fyrir sig mannúðarsjónarmið sem átyllu ólöglegra loftárása sinna. Enn þann dag í dag stærir NATO sig af því að árasarstríð samtakanna hafi bundið enda á átökin í Kósóvó þó aragrúi sönnunargagna liggi fyrir um stóraukið ofbeldi og átök beggja hliða í kjölfar sprengjuárásanna. Þá höfðu eftirlitsaðilar á staðnum ítrekað upplýst stjórnendur NATO um væntanlegar afleiðingar sprengjuárása á Serbíu: niðurstaðan yrði gífurleg aukning ofbeldis og ofsókna beggja vegna sem valda myndu stóru auknum fjölda flóttamanna. Enda kom það á daginn; hátt í 900 þúsund Kósóvó Albanir voru hraktir á flótta á meðan morð og aðrar ofsóknir margfölduðust í fjarveru alþjóðlegra eftirlitsaðila sem kallaðir voru heim til þess að sprengjuregnið gæti hafist.

Að loknum 78 dögum loftárása sættist Serbía nauðug viljug á að fyrirgera rétti sínum til að stjórna landssvæði sínu í Kósóvó og samþykkti aðkomu alþjóðlegs friðargæsluliðs með aðkomu NATO. [16] Þvert á gefin loforð hertók NATO Kósóvó og viðheldur þar enn þann dag í dag sjö þúsund manna herliði sem sér um „öryggismál svæðisins.“ Undir stjórn NATO hefur minnihluti Serba í Kósóvó sem áður taldi tíu prósent íbúa nánast þurrkast út og eins er ástatt um önnur þjóðarbrot í landinu.

Innrás bandamanna í Afganistan er eflaust betur þekkt dæmi hernaðaraðgerða Atlandshafsbandalagsins en hvergi sér fyrir endann á ófriðnum þar í landi. Innrásin markaði fyrsta og eina skiptið sem aðildarríki bandalagsins ber fyrir sig fimmtu grein Washington sáttmálans um sameiginlega sjálfsvörn bandamanna. Ætluð sjálfsvörn Bandaríkjanna gegn Afganistan í kjölfar hryðjuverkaárásanna þann ellefta september var byggð á ákaflega veikum lagagrunni sem hefur verið mjög umdeildur allar götur síðan. Til dæmis leituðu hvorki Bandaríkin né NATO samþykkis öryggisráðsins fyrir innrásina og lítil sem engin sönnunargögn voru lögð fram fyrir meintri ábyrgð Afgana á árásunum á tvíburaturnana.

Stríð NATO við Afganistan hefur kostað ótalinn fjölda mannlífa og gríðarlega aukningu flóttamanna. Erfitt er að áætla um nákvæman fjölda látinna Afgana þar sem ISAF, eða NATO öðru nafni, sá ekki sóma sinn í því að telja mannlát annarra en eigin hermanna þar til árið 2007 eða sex árum eftir innrásina. Þó er ljóst að frá upphafi talninga hafa hið minnsta tólf þúsund Afgana og tvö þúsund hermanna látið lífið sem bein afleiðing stríðsins. Þá er alls óvíst og ótalið hversu stór hluti þeirra 7.5 miljóna Afgana sem alþjóðaheilbrigðisstofnunin áætlaði að myndu deyja úr hungri í kjölfar árásanna lifðu af.

Serbía og Afganistan kunna að virðast ólík lönd og ótengd en árásir NATO á löndin tvö áttu sér stað með mjög sambærilegum hætti. Þær fylgdu sömu taktísku formúlu loftárása og síðar hersetu þeirra með ómurlegum afleiðingum þó svo að bandalagið hafi borið fyrir sig ólíkum forsendum fyrir innrásunum sem um ræðir.

Báðar árásir voru framkvæmdar í óþökk Sameinuðu Þjóðana og í berhöggi við alþjóðalög. Báðar árásir leiddu til langvarandi viðveru (lesist hersetu) NATO í löndunum tveimur með tilheyrandi mannfalli og ómældri eynd íbúa þeirra sem engar sakir höfðu unnið. Yfirlýstur tilgangur beggja stríða var ætlað að koma á frekara öryggi og friði í heiminum en ullu þess í stað sundrunu, glundroða og frekari ófriði um ókomna tíð ásamt því að kosta ótal mannlíf.

Í raun er það ómögulegt að nálgast tölur um þau hundruði þúsunda ef ekki milljóna sem látið hafa lífið í kolólöglegu hernaðarbrölti bandalagsins, þar sem NATO birtir sjaldan tölur um hversu marga óbreytta borgara bandalagið hefur drepið í mannúðarerindum sínum víðsvegar um heim. Upplýsingar um mannfali í Bosníu vegna sprengjuherferðar NATO eru ekki aðgengilegar og bandalagið hóf sem áður segir ekki að fylgjast með mannfalli óbreyttra borgara í Afganistan fyrr en árið 2007. NATO var einnig sérstaklega gagnrýnt fyrir að rannsaka ekki hversu margir óbreyttir borgarar létu lífið í Lýbíu á meðan NATO varpaði tíu þúsund sprengjum á landið en bandalagið bar fyrir sig þá firru að það væri hreinlega ekki hægt.

Yfirlýst markmið Atlantshafsbandalagsins að stuðla að lýðræði og friði með hernaðaraðgerðum sínum eiga ekki mikil líkindi við veruleikann þegar núverandi staða Kósóvó og Afganistan er skoðuð nánar. Afganistan situr eftir í stríðsástandi þar sem flestir stríðsherrar sem réðu þar ríkjum á áttunda áratugnum eru komnir aftur til valda í ógnarstjórn sem enn ber ábyrgð á daglegum dauðsföllum meðfram reglulegum drápsferðum NATO liða og Talibana um landið allt. Afganir búa við stöðugan ótta, ofbeldi og sára fátækt. Í skjóli stríðsherranna hefur ópíum framleiðsla í landinu stóraukist á ný og er áætlað að Afganistan framleiði um 75% af öllu innfluttu heróíni í Evrópu.

Málamyndaríkisstjórn Kósóvó samanstendur af meðlimum Drenica mafíunnar sem verið hafa við völd þar í landi allt frá 1999. Öruggar heimildir kveða höfuðþaur glæpagengisins vera forsætisráðherra

landsins, Hashim Taci, sem stjórn stórfelldu líffæra- vopna- og fíkniefnasmygli til Evrópu og Bandaríkjanna í skjóli embættis síns.

Þá er einnig vert að nefna í þessu samhengi að löndin tvö, Afganistan og Kósóvó njóta nú saman þess vafasama heiðurs að vera ábyrg fyrir framleiðslu og dreifingu á stærstum hluta heróíns á markaði í Evrópu. Áætlað er að um 75% heróíns á evrópskum markaði sé ræktað í Afganistan en Drenica mafia Kósóvó sér um að smygla stórum hluta þess inn til Evrópu allt fyrir augunum á NATO.

Víðtækari áhrif hernaðaríhlutunar Atlandshafsbandalagsins á eigin þegna eru einnig eftirtekarverð en þau felast meðal annars í stóraukinni hættu á að hryðjuverkaárásur verði beint gegn aðildarríkjum sambandsins að ógleymdu gríðarlegu mannfalli hermanna í Afganistan og víðar. Auk þess hefur óstöðugleiki aukist gífurlega í kjölfar ítrekaða árása og afskipta NATO á heimsvísu. Álit þetta fjallar til dæmis ekki um aðkomu NATO að báðum Persaflóastríðum sem einkenndust m.a. af notkun Bandaríkjanna af skertu úraníum eða afskipti NATO í Makedóníu og Sómalíu sem eflaust hafa skapað fleiri óvini.

Aðild Íslands að NATO gefur því ekki aðeins þögult samþykki okkar fyrir stríðsrekstri bandalagsins heldur styður þær beint með mannafla og gífurlegum fjárhæðum. Fjárframlög og annar stuðningur íslenska ríkisins við NATO gerir þjóðina alla samseka stríðsglæpum og heimsvaldastefnu stórveldanna í vestri. Ljóst er að íslenska þjóðin verður að fá umboð til þess að ákveða með lýðræðislegum hætti í eitt skipti fyrir öll hvort hún geti haft áframhaldandi aðild að NATO á samviskunni. Með aðild tókum við okkur stöðu með stríðandi þjóðum og gerum okkur líklegri fórnarlömb haturs of hefndaraðgerða þeirra sem aðgerðir NATO beinast að. Segjum við okkur úr bandalaginu tókum við loks afdráttarlausu afstöðu með friði og gegn ólöglegum innrásarstríðum Atlandshafsbandalagsins.

Að ofansögðu er það er því eindregið álit Menningar- og friðarsamtökanna MFÍK að íslenska þjóðin fái með þjóðaratkvæðagreiðslu tækifæri til að velja veg friðar. Menningar- og friðarsamtökin MFÍK hafa lengi haldið á lofti þeirri kröfu að bundið verði í stjórnarskrá að Ísland sé her- og vopnalaust svæði, allri aðild að hernaðarbandalögum verði hætt og að landið, lofthelgi og miðin lýst kjarnorkulaust svæði. Þannig getur Ísland á afgerandi hátt stuðlað að afvopnun í heiminum.

Reykjavík, 13.11.2014
Stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna

Heimildir

Banks, William C. and Jeffrey D. Straussman. "A New Imperial Presidency? Insights from U.S. Involvement in Bosnia." *Political Science Quarterly* 114, no. 2. 1999: 195-217.

<http://search.proquest.com/docview/208269314?accountid=27513>.

Chesser, Susan G. "Afghanistan Casualties: Military Forces and Civilians." Congressional Research Service. 6. desember 2014.

Chomsky, Noam. "A Review of NATO's War over Kosovo." *Www.chomsky.info*. May 1, 2001.

Accessed November 13, 2014. <http://www.chomsky.info/articles/200005--.htm>.

Chomsky, Noam. "The War In Afghanistan,." *The War In Afghanistan*, by Noam Chomsky. 1. febrúar, 2002. Sótt 13. nóvember, 2014. <http://www.chomsky.info/articles/20020201.htm>.

Dalmacija, Bozo, Ivana Ivancev-Tumbas, Jasmina Zejak, and Maja Djurendic. "Case Study of Petroleum Contaminated Area of Novi Sad After NATO Bombing in Yugoslavia." *Soil & Sediment Contamination* 12, no. 4 (2003): 591-611.

<http://search.proquest.com/docview/199474571?accountid=27513>.

Herman, Edward S. and David Peterson. "The Dismantling of Yugoslavia: A Study in Inhumanitarian Intervention (and a Western Liberal-Left Intellectual and Moral Collapse)." *Monthly Review* 59, no. 5 (10, 2007): 1-60. <http://search.proquest.com/docview/213123856?accountid=27513>.

Ilic, B. "Kosovo - The Drug Trade Is Entrenched in NATO Politics." *There Must Be Justice*. 31. mars, 2013. Sótt 13. Nóvember, 2014. <http://theremustbejustice.wordpress.com/2013/03/31/kosovo-the-drug-trade-is-entrenched-in-nato-politics/>.

Lewis, Paul. "Kosovo PM Is Head of Human Organ and Arms Ring, Council of Europe Reports." *The Guardian*. 14. desember, 2013. Sótt 13. nóvember, 2014.

<http://www.theguardian.com/world/2010/dec/14/kosovo-prime-minister-llike-mafia-boss>.

Masters, Jonathan. "The North Atlantic Treaty Organisation (NATO)." *Council on Foreign Relations*. August 5, 2010. Sótt 13. nóvember, 2014. <http://www.cfr.org/nato/north-atlantic-treaty-organization-nato/p28287>.

Noctiummes, Tania and Jean-Pierre Page. "Yugoslavia: An Imperialist War for a New World Order." *Socialism and Democracy* 13, no. 2. Haust, 1999: 37-87.

<http://search.proquest.com/docview/207647829?accountid=27513>.

Peci, Edona. "Senior Kosovo Guerrillas Face Crimes Against Humanity Cases." *Balkan Insight*. 29. júlí, 2014. Sótt 13. nóvember, 2014. <http://www.balkaninsight.com/en/article/kosovo-liberation-army-organ-trafficking-report>.

Talbot, Karen. "The Real Reasons for War in Yugoslavia: Backing Up Globalization with Military might." *Social Justice* 27, no. 4 (Winter, 2000): 94-116.
<http://search.proquest.com/docview/231924965?accountid=27513>.

Thomas, Raju G. C. "The US, Nato and the UN: Lessons from Yugoslavia." *Global Dialogue* 2, no. 2 vor, 2000: 52-64. <http://search.proquest.com/docview/211508692?accountid=27513>.

Smith, Martin A. "Afghanistan in Context: NATO Out-of-Area Debates in the 1990's." *UNISCI Discussion Papers* no. 22. Janúar, 2010: 16-32
<http://search.proquest.com/docview/224085001?accountid=27513>.

"After-Dinner Speech by Admiral Giampaolo Di Paola, Chairman of the Military Committee, Honouring SHAPE Officers' Association's 50th Annual Symposium in Mons." NATO. January 24, 2011. Sótt 13. nóvember, 2014. http://www.nato.int/cps/en/SID-DE86AFCD-89BCBE0C/natolive/opinions_69910.htm?selectedLocale=en.

"History." NATO. Sótt 13. nóvember, 2014. <http://www.nato.int/history/nato-history.html>.

"How Nato Has Changed in the Post Cold war Era." 21. mars, 1997. Sótt 13. nóvember, 2014.
<https://www.mtholyoke.edu/acad/intrel/natousis.htm>.

Human Rights Watch, *Kosovo: Civilian Deaths in the NATO Air Campaign*, D1201. 1. Febrúar, 2000. Sótt 13. nóvember, 2014. <http://www.refworld.org/docid/3ae6a86b0.html>.

"MPs Publish Report on Operations in Libya - News from Parliament." UK Parliament. 8. febrúar, 2012. Sótt 13. nóvember, 2014. <http://www.parliament.uk/business/committees/committees-a-z/commons-select/defence-committee/news/publication-of-operations-in-libya/>.

"NATO Bombs Yugoslavia to Submission: Reconstruction Planned." *International Journal on World Peace* 16, no. 2. Júní, 1999: 69. <http://search.proquest.com/docview/219275451?accountid=27513>.

"PECK-Kosovo - - Project against Economic Crime." Council of Europe. Sótt 13. nóvember, 2014. http://www.coe.int/t/DGHL/cooperation/economiccrime/corruption/Projects/PECK-Kos/PECK_default_en.asp.

Stjórn, MFÍK. "Erindi MFÍK Til Stjórnlagaráðs Vegna Friðarmála." *Menningar- Og Friðarsamtök íslenskra Kvenna*. May 10, 2011. Accessed November 13, 2014.

<http://mfik.files.wordpress.com/2012/04/erindi-til-stjic3b3rnlagarc3a1c3b0s-fric3b0armc3a11-10-mac3ad-2011.pdf>.

Stjórn, MFÍK. "Erindi Til Stjórnlagaráðs - Friðarmál II - Um Hernaðarbandalög." Menningar- Og Friðarsamtök íslenskra Kvenna. May 25, 2011. Accessed November 13, 2014.

<http://mfik.files.wordpress.com/2012/04/erindi-til-stjic3b3rnlagarc3a1c3b0s-fric3b0armc3a11-ii-20-mac3ad-2011.pdf>.

"The North Atlantic Treaty." NATO. April 4, 1949. Accessed November 13, 2014.

http://www.nato.int/cps/en/natolive/official_texts_17120.htm.

Reykjavík
10. nóvember 2014

Umsögn til utanríkismálanefndar vegna þingmáls 20 frá Samtökum hernaðarandstæðinga

Óskað er eftir umsögn Samtaka hernaðarandstæðinga vegna frumvarps um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Samtökin telja að hér sé um afar brýnt mál að ræða og hvetja þingið til að greiða fyrir afgreiðslu þess.

Minnt er á að ekki var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu Íslands í NATO á sínum tíma þrátt fyrir mjög ákveðnar kröfur í þá átt. Í því ljósi má raunar færa fyrir því rök að óþarft sé að leita sérstaklega samþykkis þjóðarinnar fyrir úrsögn úr bandalaginu. Íslenskir friðarsinnar og hernaðarandstæðingar hafa hins vegar aldrei óttast dóm þjóðarinnar í þessu máli og hafa SHA og forverar samtakanna alla tíð haft kröfuna um þjóðaratkvæði ofarlega á stefnuskrá sinni.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi og umsvifum NATO á liðnum árum gera mál þetta enn veigameira. Á tímum kalda stríðsins var af mörgum litið svo á að ekki myndi koma til kasta NATO í hernaði nema ráðist yrði á eitthvert aðildaríkjanna og sameiginlega varnarskyldan í stofnsáttmála þess þannig virkjuð. Lögðu stuðningsmenn bandalagsins hér á landi ríka áherslu á þetta og töluðu um varnarbandalag.

Deila má um hvert raunverulegt eðli NATO var á þessum árum, en óumdeilt er að á síðustu 15-20 árum hefur orðið gjörbreyting á skipulagi þess og stefnu með beinni þátttöku í styrjöldum um heim allan, með sívaxandi tíðni og þunga. Sú breyting ein og sér ætti að teljast fullgild ástæða til að leita loks eftir afstöðu þjóðarinnar til aðildar að þessu árásargjarna kjarnorkuvopnabandalagi.

F.h. Samtaka hernaðarandstæðinga

Stefán Pálsson, formaður

Til utanríkismálanefndar Alþingis.

Umsögn um þingskjal 20 - 20. mál, 144 löggjafarþing

Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að NATO

Stjórnarskrárfélagið er fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslum um stór og umdeild mál. Fá mál á lýðveldistímanum hafa verið umdeildari en aðildin að NATO og því er augljóslega um slíkt mál að ræða.

Á hinn bóginn er nú sú sérkennilega staða uppi að afgerandi niðurstöður úr síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu frá 20. október 2012 um tillögur að nýju stjórnarskrárfrumvarpi hafa hingað til verið virtar að vettugi. Alþingi boðaði sjálft til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu samkv. lögum nr. 91/2010. Fram kemur í fyrstu grein þeirra laga að slík atkvæðagreiðsla sé ráðgefandi. Í athugasemdum við 1. gr. kemur fram að breyta þurfi stjórnarskránni til þess að niðurstaðan yrði stjórnskipulega bindandi fyrir Alþingi. Þó yrðu kjörnir fulltrúar að taka tillit til niðurstöðunnar því að þar lægi mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni. Niðurstaðan myndi því hafa pólitískt skuldbindingargildi.

Fjölmarginir alþingismenn hafa ekki talið sig bundna af niðurstöðum síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu og hafa þannig markað nýja stefnu í lýðræðismálum á Vesturlöndum. Óhætt er að fullyrða að slíkt hafi ekki tíðkast í sambærilegum atkvæðagreiðslum, hvorki á Íslandi né á öðrum Norðurlöndum. Því verður að líta svo á að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur séu við núverandi aðstæður lítils virði og óvíst um hvort að þorri fólks muni taka þátt í þeim.

Stjórnarskrárfélagið lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri þróun að niðurstöður kosninga um tiltekin mál séu dregnar í efa eða (rang)túlkaðar af stjórnsmálaflokkum og fulltrúum þeirra á Alþingi. Hætta er á að tiltrú og þátttaka kjósenda minnki enn frekar en orðið er og að það ýti undir þá tilhneigingu að virða niðurstöður lýðræðislegra kosninga að vettugi. Stjórnarskrárfélagið hvetur því alþingismenn eindregið til að staðfesta þær breytingar á stjórnarskránni sem kjósendur veittu brautargengi 20. október 2014 áður en lengra er haldið. Enginn vafi má leika á því að farið verði eftir niðurstöðum lögmætrar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Reykjavík 26. nóvember 2014.

F. h. Stjórnarskrárfélagsins.

Sigurður H. Sigurðsson.